

Stúlka með fugl og síðasta veggklæðið

Ásgerðar Búadóttir var frumkvöðull í íslenskri vefnaðarlist en í dag verður opnuð sýning á verkum hennar í Gallerí Fold. Einstakt tækifæri til að skoða handverk markverðasta veflistakonu þjóðarinnar.

Ásgerður Ester Búadóttir fæddist í Borgarnesi 4. desember 1920 en ólst upp í Reykjavík. Hún hóf nám í Handíða- og myndlistarskólanum árið 1942 og stundaði framhalds-nám við Konunglegu listaaka-demíuna í Kaupmannahöfn árin 1946-49 og lagði einkum stund á málalalist. Á námsárunum kynnt-ist hún þó einnig listvefnaði og þá kviknaði áhugi hennar á því list-formi.

Eftir námið flutti hún með sér

vefstól heim og fór að vinna með listvefnað sem hefur haldið nafni hennar á lofti allar götur síðan, en Ásgerður var án efa markverðasti veflistamaður þjóðarinnar á 20. öld. Árið 1956 vann hún til gull-verðlauna á alþjóðlegu lista- og handverkssýningunni í München fyrir veggklæðið Stúlka með fugl. Verðlaunin gáfu henni byr í seglin og í kjölfarið hélt hún fyrstu sýn-ingarnar á verkum sínum.

„Við erum að sýna fimm burðar-

verk frá ferli Ásgerðar, það elsta frá 1965 og svo einnig það yngsta frá 2001. Samhliða sýnum við einnig sýnishorn af skissum og vef á þekktum verkum svo að fólk geti fengið hugmynd um heildina og sýn á vinnuferli listamanns-ins.“ Verk Ásgerðar má finna á söfnum hérlandis, á Norðurlönd-unum og í Bandaríkjunum, auk þess sem þau prýða ýmsar opin-berar stofnanir.

- mg

Árið 1956 vann hún til gullverðlauna á alþjóð-legu lista- og handverks-sýningunni í München fyrir veggklæðið Stúlka með fugl. Verðlaunin gáfu henni byr í seglin og í kjölfarið hélt hún fyrstu sýningarnar á verkum sínum.



FRUMKVÖÐULL Síðasta veggklæði Ásgerðar er frá 2001.



Gersemar Arfur í orðum

Í dag kl. 16 verður opnuð fyrir almenningi ný og tímabær sýning í Borgarsögusafni Reykjavíkur á hluta íslensku handritanna í tengslum við sýninguna Land-námssögur – arfur í orðum. En sýningin er unnin í samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Hugmyndin að sýningunni kemur frá Jóni Gnarr, fyrrver-andi borgarstjóra, sem fannst ómögulegt að hvergi væri hægt að sjá handritin, hinn dýrmæt-asta menningararf þjóðarinnar, eftir að handritasýningunni í Þjóðmenningarhúsinu lauk.

Sýningarhönnuður er Gabríela Friðriksdóttir en Guðrún Helga Stefánsdóttir, verkefnisstjóri Borgarsögusafns, er á meðal þeirra sem unnið hafa að undir-búningi sýningarinnar að undan-förnu. „Handritin eru meðal merkustu verka Íslendinga. Þau veita okkur innsýn í líf og hugs-anir Norðurlandabúa og raunar stórs hluta Evrópu, allt frá mið-öldum til nýaldar.

Á sýningunni Landnámssögur – arfur í orðum má sjá fjögur hand-rit og eitt fornbréf sem tengj-ast með einum eða öðrum hætti landnámi og sögu Reykjavíkur. Textar handritanna eru Land-námabók, Íslendingabók, Kjalnes-ingasaga og Jónsbók en fornbréf-ið greinir frá sölu Reykjavíkur. Þá voru efni sýningarinnar einn-ig gerð skil með hjálp margmiðl-unar og það er einkar forvitnilegt fyrir fólk að tefla saman þessum tveimur heimum; margmiðlun og handritunum sem gefur nú að líta í einni sýningu.

Handritin eiga erindi við alla heimsbyggðina og eru ómetan-legur hluti af menningararfi ver-aldar og eru sem slík á heims-minjaskrá UNESCO. Það þarf því ekki að koma á óvart að það er ströng öryggisgæsla á sýning-unni. Það ánægjulega við það er að við getum lengt opnunartíma sýningarinnar í heild og frá og með sunnudeginum verðum við með opið frá kl. 9–20 alla daga. En svo bíðum við auðvitað spenn-t eftir því að Hús íslenskra fræða-verði að veruleika svo við getum sýnt þjóðinni allar þær gersemar sem eru í hennar eigu.“

- mg

Yfirlit um afkomu 2014

Efnahagsreikningur (í þús.kr.):	31.12.2014	31.12.2013
Verðbréf með breytilegum tekjum	41.967.302	37.827.439
Verðbréf með föstum tekjum	79.521.721	74.939.519
Veðlán	2.404.755	2.466.245
Innlán og bankainnistæður	1.982.608	1.387.704
Kröfur	892.967	957.946
Aðrar eignir og rekstrarfjármunir	159.179	160.800
	126.928.532	117.739.653
Skuldir	-246.362	-231.816
Séreignarsjóður, Söfnunarleið I og II	2.325.883	2.327.805
Samtals	129.008.053	119.835.642

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris:

Iðgjöld	3.270.784	3.148.010
Lífeyrir og starfsendurhæfingarsjóður	-3.295.732	-2.917.700
Fjárfestingartekjur	9.498.966	11.105.230
Fjárfestingargjöld	-208.224	-181.143
Rekstrarkostnaður	-93.383	-77.873
Hækkun á hreinni eign á tímabilinu	9.172.411	11.076.524
Hrein eign frá fyrra ári	119.835.642	108.759.118
Samtals	129.008.053	119.835.642

Lífeyrisskuldbindingar skv. niðurstöðu tryggingafræðings:

Eignir umfram áfallnar skuldbindingar	943.010	-664.576
Í hlutfalli af áfföllnum skuldbindingum	0,8%	-0,6%
Eignir umfram heildarskuldbindingar	-738.330	-2.506.177
Í hlutfalli af heildarskuldbindingum	-0,4%	-1,5%

Sjóðurinn hefur ekki þurft að skerða réttindi vegna falls bankanna haustið 2008 né nokkru sinni áður.

Kennitölur:

Nafnávöxtun	7,8%	10,1%
Hrein raunávöxtun	6,7%	6,2%
Hrein raunávöxtun 5 ára meðaltal	5,3%	4,7%
Hrein raunávöxtun 10 ára meðaltal	3,8%	4,1%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	6.637	6.626
Fjöldi lífeyrisþega	10.562	10.515
Rekstrarkostnaður í % af eignum	0,07%	0,07%
Eignir í íslenskum krónum	79,2%	81,0%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	20,8%	19,0%

Ávöxtun séreignardeildar 2014:

Nafnávöxtun Söfnunarleiðar I sem er innlánsreikningur var 3,4% eða 2,4% raunávöxtun. Nafnávöxtun Söfnunarleiðar II sem inniheldur ýmiss verðbréf nam 3,6% eða 2,5% raunávöxtun. Er þetta sú ávöxtun sem réttthafar njóta. Heildareignir séreignardeildarinnar eru 2.325,8 milljónir króna í árslok 2014 og lækka um 0,1%.

Sjóðfélagar:

Sjóðurinn er ætlaður öllum launþegum og sjálfstætt starfandi mönnum sem eiga ekki kjarasamn-ingsbundna aðild að öðrum lífeyrissjóðum. Hann getur því verið góður kostur fyrir ýmsa aðila sem þurfa að velja sér lífeyrissjóð. Sjóðurinn byggir á samtryggingu og séreign.



Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda

Traustur sjóður trygg framtíð

Ársfundur 2015

Ársfundur sjóðsins verður haldinn miðvikudaginn 15. apríl, kl. 17:00.

Í stjórn sjóðsins eru:

Guðmundur Árnason formaður
Hrafn Magnússon varaformaður
Aðalbjörg Lúthersdóttir
Einar Sveinbjörnsson
Svana Helen Björnsdóttir
Þuríður Einarsdóttir
Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir

Framkvæmdastjóri er:

Sigurbjörn Sigurbjörnsson